




Árshlutauppgjör 3F og 9M 2021

4. nóvember 2021



Lykiltölur úr rekstri



3F og 9M 2021



Tekjur 9M
15.822 m.kr.

3F 2021
5.533 m.kr.



EBITDA 9M
4.762 m.kr.

3F 2021
1.886 m.kr.



Afkoma 9M
-176 m.kr.

3F 2021
172 m.kr.



Frjálst fjárflæði 9M
2.460 m.kr.

3F 2021
851 m.kr.

Rekstrarreikningur



	3F 2021	3F 2020	% br.	9M 2021	9M 2020	% br.
Seldar vörur og þjónusta	5.533	5.062	9,3%	15.822	15.480	2,2%
Kostnaðarverð	-3.654	-3.435	6,4%	-10.788	-10.573	2,0%
Framlegð	1.879	1.627	15,5%	5.034	4.907	2,6%
Rekstrarkostnaður	-1.457	-1.485	-1,9%	-4.628	-4.722	-2,0%
EBITDA	1.886	1.593	18,4%	4.762	4.312	10,4%
EBIT	422	142	-	406	185	-
Hrein fjármagnsgjöld	-211	-169	-	-421	-792	-
Áhrif hlutdeildarféлага	-	23	-	-173	71	-
Tekjuskattur	-39	12	-	12	134	-
Hagnaður (tap) tímabilsins	172	8	-	-176	-402	-
<i>Framlegð</i>	<i>34,0%</i>	<i>32,1%</i>		<i>31,8%</i>	<i>31,7%</i>	
<i>EBITDA</i>	<i>34,1%</i>	<i>31,5%</i>		<i>30,1%</i>	<i>27,9%</i>	
<i>EBIT</i>	<i>7,6%</i>	<i>2,8%</i>		<i>2,6%</i>	<i>1,2%</i>	

Helstu þættir sem hafa áhrif á 3F og 9M 2021

- Tekjur aukast um rúmlega 9% á 3F 2021 sem skýrist helst af vexti í farsímatekjum og fjölmiðlun. Vöxtur í farsímatekjum er drifinn af IoT tekjuvexti ásamt því að reikitekjur hækkuðu um 73 m.kr. á milli 3F 2021 og 3F 2020.
- Góður vöxtur í EBIT sem eykst um 280 m.kr. á milli 3F 2021 og 3F 2020.
- Gengistap að fjárhæð 70 m.kr. á 3F 2021 samanborið við 17 m.kr. á 3F 2020. Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2021 var 2 m.kr. gengistap samanborið við 259 m.kr. gengistap fyrir sama tímabil árið 2020.
- Vaxtagjöld lækka um 118 m.kr. á milli 9M 2021 og 9M 2020.
- Á fyrstu 9 mánuðum ársins er tap af rekstri dótturfélagsins Endor 40 m.kr.
- Á fyrsta ársfjórðungi var fært sölutap að fjárhæð 179 m.kr. vegna sölu á Hey.

*Fjárhæðir eru í milljónum króna.

** Samanburðartölum hefur verið breytt, sjá frekari upplýsingar í árs hlutareikningi.

Tekjustraumar



	3F 2021	3F 2020	% br.	9M 2021	9M 2020	% br.
Fjölmiðlun	2.124	1.960	8%	6.194	5.805	7%
Internet	1.105	1.134	-3%	3.366	3.442	-2%
Farsími	1.252	929	35%	3.252	2.674	22%
Fastína	133	145	-8%	407	467	-13%
Hýsingar- og rekstrarlausnir	410	443	-7%	1.075	1.758	-39%
Vörusala	292	253	15%	896	729	23%
Aðrar tekjur	217	198	10%	632	605	4%
Samtals tekjur	5.533	5.062	9%	15.822	15.480	2%

Fjölmiðlun

Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2021 aukast tekjur af fjölmiðlun um 7% samanborið við fyrra ár. Góður vöxtur í áskriftartekjum og stöðug aukning í fjölda áskrifanda. Auglýsingatekjur aukast um 20% þrátt fyrir erfitt ástand og eru allar tegundir miðla að vaxa, þ.e. útvarp, sjónvarp og Vísir.

Internet

Samdráttur í internettekjum er nokkuð sambærilegur á milli einstaklings- og fyrirtækjamarkaðar.

Farsími

Farsímatekjur aukast um 35% á 3F 2021 sem skýrist af áframhaldandi góðum vexti í IoT tekjum og hækkun reikitekna, en þær hækkuðu um 73 m.kr. á milli fjórðunga. Það sem af er ári hefur verið stöðug fjöldaaukning í farsímaáskrift.

Hýsingar- og rekstrarlausnir

Það dregur úr neikvæðum tekjuvexti hjá Endor. Neikvæður tekjuvöxtur skýrist af hliðrun tekna en stór innleiðingarverkefni hafa frestast. Í Þýskalandi er búið að fjárfesta í uppbyggingu sem hefur áhrif á rekstrarniðurstöðu.

Vörusala

Líkt og væntingar gerðu ráð fyrir þá hægir á tekjuvexti vörusölu.

*Fjárhæðir eru í milljónum króna.

** Samanburðartölum hefur verið breytt, sjá frekari upplýsingar í árs hlutareikningi.

Efnahagsreikningur



Eignir

	30.9.2021	31.12.2020	% br.
Fastafjármunir			
Leigueignir	4.618	5.227	-12%
Rekstrarfjármunir	3.347	3.818	-12%
Viðskiptavild	8.902	8.932	0%
Aðrar óefnislegar eignir	4.484	4.403	2%
Eignarhlutur í félögum	136	1.398	-90%
Tekjuskattsineign	372	383	-3%
Samtals	21.859	24.161	-10%
Veltufjármunir			
Sýningarréttir	1.650	1.876	-12%
Birgðir	299	241	24%
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakr.	3.599	3.217	12%
Handbært fé	430	831	-48%
Samtals	5.978	6.165	-3%
Eignir flokkaðar til sölu	536	536	0%
Eignir samtals	28.373	30.862	-8%

Skuldir og eigið fé

	30.9.2021	31.12.2020	% br.
Eigið fé samtals	8.275	8.549	-3%
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	8.223	9.492	-13%
Leiguskuldbindingar	4.108	4.507	-9%
Aðrar langtímaskuldir	166	166	0%
Tekjuskattsskuldbinding	-	16	-
Samtals	12.497	14.181	-12%
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir	689	992	-31%
Leiguskuldbindingar	1.109	1.259	-12%
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímask.	5.656	5.699	-1%
Samtals	7.454	7.950	-6%
Skuldir vegna eigna flokkaðar til sölu	147	182	-19%
Eigið fé og skuldir	28.373	30.862	-8%
<i>Vaxtaberandi skuldir</i>	<i>14.129</i>	<i>16.251</i>	
<i>Hreinar vxt.ber. skuldir</i>	<i>13.699</i>	<i>15.419</i>	
<i>Eiginfjárlutfall</i>	<i>29,2%</i>	<i>27,8%</i>	

*Fjárhæðir eru í milljónum króna


Sjóðstreymi



Sjóðstreymi 3F 2021

Sjóðstreymi 9M 2021

■ Útstreymi
■ Innstreymi




	3F 2021	3F 2020	% br.	9M 2021	9M 2020	% br.
Handbætt fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	1.894	1.208	57%	4.147	4.401	-6%
Fjárfestingahreyfingar	-1.043	-750	39%	-1.687	-2.345	-28%
Frjálst fjárflæði	851	458	86%	2.460	2.056	20%

*Fjárhæðir eru í milljónum króna


Efnahagur - Lykilmælikvarðar




Eiginfjárlutfall



Veltufjárlutfall*



Hreinar vaxtaberandi skuldir



*Veltufjármunir / viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum

*Fjárhæðir eru í milljónum króna



Nýjar fyrirtækjalausnir



viðir



SPORT

BYLGJAN
989



ENDOR



Nýjar fyrirtækjalausnir

- Sýn býr að því að þjónusta gríðarlega fjölbreyttan hóp íslenskra fyrirtækja.
- Félagið vinnur nú markvisst að því að auka framboð fyrirtækjalausna Sýnar.
- Með þessu viljum við koma betur til móts við þarfir viðskiptavina okkar á fyrirtækja-markaði og styðja betur við þau fyrirtæki í sinni verðmætasköpun.
- Á síðustu mánuðum hefur Sýn unnið náið með traustum samstarfsaðilum að því að koma með nýjar greiðslulausnir á markað fyrir íslensk fyrirtæki.
- Þessi tekjustofn mun nýta styrk félagsins í þjónustu og innviðum.
- Gert er ráð fyrir að fyrstu viðskiptavinir komi inn í greiðslulausnir á næstu mánuðum.





Frábær innlend dagskrárgerð



FÖSTUDAGA



STÓRA
SVIÐIÐ





BLACK SANDS

Frumskýnt í desember



KRAKKA
KVISS





Takk fyrir



visir



SPORT

BYLGJAN
989



ENDOR

Fyrirvari á uppgjörskynningu



Upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem Sýn hf. telur áreiðanlegar á hverjum tíma. Ekki er þó ekki hægt að tryggja að fullu að þær séu óskeikular.

Allar upplýsingar í kynningu þessari eru í eigu Sýn hf. Kynningu þessa og upplýsingar sem í henni eru er óheimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt, hvorki að öllu leyti né að hluta.

Þessi kynning er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar. Sýn hf. er ekki á nokkurn hátt skylt að veita viðtakendum kynningarinnar frekari upplýsingar um félagið né gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef þær upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í kynningu þessari. Ytri þættir á borð við framboð á fjármagni, gildistaka laga, áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru geta því haft veruleg áhrif.

Sýn hf. mun ekki uppfæra framtíðarhorfur félagsins í kynningu þessari vegna aðstæðna sem munu til koma eftir að hún hefur verið sett fram. Sýn hf. bendir á að viðtakendur kynningar þessarar eiga ekki að treysta á staðhæfingar kynningarinnar á síðari tímum þar sem þær eiga eingöngu við á þeim degi sem kynningin er gefin út. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.

Með móttöku kynningar þessarar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.